

Réttindi og skyldur doktorsnema og doktorsnema sem fá laun frá HÍ.

Doktorsnemar Háskóla Íslands eru ýmist eingöngu í námi eða tímabundið ráðnir á styrk samhliða námi. Þegar þeir eru ráðnir á styrk eru þeir skilgreindir bæði sem nemendur og starfsfólk og bera starfsheitið *doktorsnemi* í samræmi við stofnanasamninga. Ráðningarsamningur er byggður á doktorsnáminu og styrkupp hæð þeirrar rannsóknar sem doktorsneminn er ráðinn inn til að sinna. Doktorsnemar á styrk eru fyrst og fremst skilgreindir sem nemendur enda byggir starfssambandið á námi þeirra.

Doktorsnemar á styrk eru í tímabundnu ráðningarsambandi við háskólann og njóta allra þeirra kjara og réttinda sem getið er á um í kjarasamningi, reglum háskólans og lögum. Kostnaður sem fellur til í starfi er greiddur af þeim hluta styrksins sem kallaður er *samrekstur* (e. *overhead*) .

Hér fyrir neðan eru talin upp ýmis atriði sem snúa að réttindum og skyldum doktorsnema eftir því hvort viðkomandi er einungis doktorsnemi eða doktorsnemi með ráðningarsamning. Þegar réttindi doktorsnema með ráðningarsamning eru skilgreind hér fyrir neðan er horft fyrst og fremst til þess að háskólinn uppfylli þau kjarasamningsbundnu réttindi sem þeir eiga að njóta.

Atriði	Doktorsnemi og doktorsnemi á styrk án ráðningarsamnings	Doktorsnemi með ráðningarsamning	Nánari útskýring
Fæði og mataraðstaða	Nei, en nemendur njóta afsláttar í matsölum HÍ framvísi þeir stúdentaskírteini.	Já, nýtur sömu afsláttarkjara og starfsfólk HÍ gegn framvísun starfsmannakorts. Fær greitt fæðisfé uppfyllir hann nauðsynleg skilyrði .	Kostnaður vegna fæðisfjár er greiddur af samrekstri rannsóknastyrks (overhead).
Boð á fræðsluerindi	Já	Já	Miðstöð framhaldsnáms býður doktorsnemum upp á fræðslu auk þess sem þeim er boðið sérstaklega á valda fræðslu mannauðssviðs.
Aðild að stéttarfélagi	Nei	Já	Greitt er af launum doktorsnema í stéttarfélög sem fara með samningsumboð hverju sinni.
Orlofssjóður, sjúkrasjóður, styrktarsjóður, starfsmenntasjóður, starfsþróunarsjóðir	Nei	Já	Doktorsnemar með ráðningarsamning eru hvattir til að skoða réttindi sín í sjóðum þess stéttarfélags sem þeir greiða til.

Vinnuaðstaða	Já, samkvæmt viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við HÍ	Já, samkvæmt viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við HÍ.	Útfærsla vinnuaðstöðu er háð ákvörðun stjórnenda í hverri starfseiningu fyrir sig.
Sálfræðiaðstoð	Já	Já	Allir nemendur HÍ geta óskað eftir samtölum við sálfræðinga hjá Nemendaráðgjöf HÍ. Auk þess er hægt að leita aðstoðar hjá MA nemendum í félagsráðgjöf og sálfræðiráðgjöf háskólanema .
Úttekt hjá sjúkraþjálfara varðandi starfsaðstöðu	Nei	Nei	Ekki er um kjarasamningsbundinn rétt að ræða.
Launað orlof	Nei	Já, samkvæmt viðkomandi kjarasamningi	Doktorsnemi sem fær laun skipuleggur orlof sitt í samráði við ábyrgðaraðila doktorsverkefnisins. Gert er ráð fyrir að orlof sé tekið innan ráðningartíma.
Árleg bólusetning gegn influensu	Nei	Nei	Ekki er um kjarasamningsbundinn rétt að ræða.
Tryggingar	Samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eru þeir sjúkratryggðir sem hafa haft lögheimili á Íslandi í a.m.k. sex mánuði áður en bóta er óskað. Nemendur í iðnnámi í löggiltum iðngreinum og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum og háskólanemar sem sinna verklegu námi eru slysatryggðir samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga.	Já	Starfsfólk HÍ er slysatryggt bæði í starfi og frítíma auk þess sem það nýtur farangurstryggingar og tryggingar á persónulegum munum við vinnu. Þetta fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni. Athugið að HÍ kaupir ekki einstaka tryggingar heldur er starfsfólk tryggt eins og fer skv. lögum um starfsfólk ríkisins.
Aðgengi að íþróttahúsi HÍ	Já	Já	Líkt og gildir fyrir alla nemendur og starfsfólk HÍ samkvæmt gjaldskrá íþróttahúss HÍ.
Atkvæðaréttur til kosningar rektors	Já, kýs sem nemandi	Já, kýs sem starfsmaður í samræmi við starfshlutfall	

EYB-1311

Eyðublað

Ábyrgðaraðili / Stjórnunareining: Sviðsstjóri | Mannauðssvið - Sameiginleg stjórnsýsla
| Mannauðssvið - Sameiginleg stjórnsýsla

Útgáfunr: 3.0 / Útgáfudags:

18.7.2025